2 12. jan. um kenna, að hún einnig að því er það ársmeðlag snertir, hefur misst rjett sinn gagnvart Garðahreppi. Þá er að eins eptir ársmeðlagið fyrir tímann frá 31. júlí 1892 til 31. júlí 1893, er þjer hafið álitið, að Garðahreppur einnig ætti að vera laus við að greiða, af því að krafan, sökum dráttar af hálfu sýslumanns, hafi verið búin að missa lögtaksrjett, þegar úrskurður yðar 20. okt. f. á. gat orðið upp kveðinn; en með því að krafa Mosfellshrepps þar að lútandi er nógu snemma komin, verður samkvæmt því sem áður er sagt að álíta skilyrði laganna þar með fullnægt, án tillits til þess tíma, sem það hefur tekið að úrskurða fram komin mótmæli, og ber því að skylda hreppsnefndina í Garðahreppi til að greiða barnsmóðurinni eða hreppsnefndinni í Mosfellssveit fyrir hennar hönd meðlagsupphæðina fyrir nefnt ár með 60 krónum. Að öðru leyti staðfestist úrskurður yðar að því er hin áfrýjuðu atriði snertir.

Að því leyti sem úrskurður yðar ákveður, að Garðahreppi beri að greiða sama ársmeðlag fyrir tímabilið frá 31. júlí 1893 til 31. júlí 1894, hefur honum eigi verið áfrýjað, og stendur það því óhaggað.

Viðvíkjandi varakröfu hreppsnefndarinnar í Mosfellshreppi skal það að lokum tekið fram, að það sætir úrskurði dómstólanna, hvort hlutaðeigandi yfirvöld hafa bakað sjer skaðabótaskyldu gagnvart hreppnum, en um það verður hjer eigi úrskurðað.

3 16. jan. **Brjef landshöfðingja** *til dómkirkjuprestsins í Reykjavík* **um rjett manns, er kona hans hafði gipzt öðrum manni, til þess að ganga að eiga aðra konu.**

Í allra þegnsamlegastri bænaskrá, dags. í dag, er send hefur verið hingað, hefur N. N., húsmaður hjer í bænum, sótt um leyfisbrjef til algjörðs hjónaskilnaðar við konu sína N. N., sem árið 1889 fór hjeðan til Ameríku og giptist þar öðrum manni í Douglas-Country í Wisconsin hinn 11. febr. 1891, og jafnframt hefur hann beiðst leyfis til að ganga að eiga stúlku, sem hann hefur eignazt barn með. Út af þessu skal yður hjermeð þjón. tjáð sem hlutaðeigandi presti, til þóknanlegrar leiðbeiningar fyrir yður og til þess að þjer birtið það hlutaðeiganda, að með því að það er sannað með hinu staðfesta eptirriti af hjónavígsluvottorði, er umsóknarskjalinu fylgir, að kona umsækjanda hafi gjörzt sek í *bigami*, þ. e. því broti, að eiga tvo menn í einu, þá verður samkvæmt ákvæðunum í norsku laga 3 — 18 — 16 — 8 að líta svo á, að hjónabandi hans við konuna sje þar með slitið, ef hann ekki vill taka hana til sín aptur, þannig, að honum sje fullkomlega heimilt að kvænast á ný, án þess að fá áður skilnaðardóm eða skilnaðarleyfi. Með því að barn það, er hann hefur átt við kvennmanni þeim, sem hann ætlar að ganga að eiga, er ekki fætt fyrr en 12. okt. 1894 eða löngu eptir að hjónaband hans samkvæmt framansögðu var fallið úr gildi við afbrot konunnar, þá hefur hann ekki gjörzt sekur í neinu hórbroti við getnað nefnds barns, og þarf því heldur ekki í því tilliti neitt leyfi til þess að ganga að eiga stúlkuna N. N.